

L Ö G

95

27. nóv.

um breyting á lögum nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild).

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stofnfé sjóðsins má nema allt að kr. 20 000 000.00, og skal þess aflað þannig:

- a. Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að kr. 7 500 000.00 að láni til 10 ára og endurlána sjóðnum með sömu kjörum og lánið er tekið. Þó er ríkisstjórninni heimilt að taka upp samninga hvenær sem er á námstímanum um aukaafborgun af láninu, enda sé jafnframt veitt fé til slíkrar aukaafborgunar á fjárlögum.
- b. Stjórn skuldaskilasjóðs heimilast að taka allt að kr. 12 500 000.00 að láni, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

96

28. nóv.

um breyting á lögum nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til útvegsmanna.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Síðasta málsgrein 10. gr. laganna orðist svo:

Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið 1. ágúst 1951.

2. gr.

14. gr. 4. mgr. breytist þannig:

Í stað orðanna „1. júlí 1951“ komi: 1. ágúst 1951.

3. gr.

Aftan við fyrri mgr. 19. gr. bætist: Nú virðist framtalin en ólýst krafa ekki tortryggileg, og skal þá heimilt að taka hana upp í frumvarp til skuldaskila, sbr.

21. gr.